

hafi verið að hugsa til að stefna til nýrra kosninga, og hafið þjer nú spurt, hvort fyrir- skipun frá mjer um, að nýjar kosningar skuli fara fram, sje nauðsynleg. 27  
29. jan.

Fyrir því vil jeg tjá yður það, er nú segir:

Með því að opið brjef 2. marz f. á. skipar fyrir, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara, er það vitaskuld, að kosning verður að fara fram í Norðurmúlasýslu, eins og í öðrum kjördæmum landsins, og að það er skylda kjörstjórnarinnar, ef kosning, sem stefnt hefir verið til, ferst fyrir af einhverri ástæðu, að stefna svo fljótt sem mögulegt er til nýrrar kosningar samkvæmt opnu brjefi 2. marz f. á.

Það er hvorttveggja, að þjer hafið ekki skýrt frá ástæðunum til þess, að kosningin fórst fyrir í Norðurmúlasýslu í septembermánuði, enda er ekki hægt að sjá, hvort þá er kjörstjórnin sá, að kosning í septembermánuði myndi farast fyrir, hafi verið svo langt áliðið, að ekki hafi verið mögulegt að stefna til nýrrar kosningar í október eða nóvembermánuði. En hvað sem nú þessu líður, get jeg ekki látið mjer líka, að kjörstjórnin hefir þrátt fyrir hin ljósu fyriræli opins brjefs 2. marz f. á. vanrækt að stefna til nýrra kosninga, og að hún hefir, þegar hún afrjeði að senda mjer fyrirspurn þá, er hjer liggur fyrir, dregið hana til 26. nóvbr. f. á.

Til þess að jeg geti nákvæmar dæmt um, að hve miklu leyti kjörstjórnin hafi vanrækt skyldur sínar í nefndu tilliti, skal hjer með lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að senda hingað tafarlaust ítarlega skýrslu um, hvað gjört hafi verið af hendi kjörstjórnarinnar eða yðar sem oddvita hennar til að hlýðnast fyrirællum konungs í opnu brjefi 2. marz f. á. um, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara í septembermánuði f. á., og hverjar ástæður hafi valdið því, að kosningin fórst fyrir í kjördæmi yðar á hinum fyrirskipaða tíma, og hverjar ráðstafanir þjer eptir að hafa meðtekið þetta brjef gjörrið til að kosningar þær, sem hefðu átt að fara fram í septembermánuði nú fái framgang.

— Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um styrk til erlendis að kynna sjer vinuuvjelar, er að tóskap lúta. — Hjer með vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt tillögum yðar hefi af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir árin 1880 og 1881 er ætlað til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitt Magnúsi Benjamínssyni 200 kr. styrk til þess erlendis að kynna sjer ýmsar verkvjarlar, er að tóskap lúta, «í von um, að hann kynni að geta gjört ýmsar breytingar við þær, hvar við slíkar vjarlar gæti orðið hæfilegri og hentugri fyrir alþýðu hjer á landi». Því skal við bætt, að jeg hefi gjört ráðstöfun til, að upphæð þessi eptir tillögu yðar verði ávísuð Tryggva alþingismanni Gunnarssyni til útborgunar í Kaupmannahöfn. Hjalagt verðlaunaskjal frá sýningunni að Oddeyri óskast afhent Magnúsi Benjamínssyni. 28  
31. jan.

— Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um landamerkjaprætu milli 2 umboðsjarða. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um brjef umboðsmanns Reynistaðarklausturs, viðvikjandi kostnaðinum við áreiðargjörð á landamerki umboðsjarðanna Veðramóts og Heiðar, vil 29  
1. febr.